

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar skv. lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

1. MARKMIÐ

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum möguleikum kvenna og karla í Borgarbyggð.

2. FRAMKVÆMD OG UMFANG

Jafnréttisáætlun Borgarbyggðar tekur til stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna þess annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem veitt er hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess.

Velferðarnefnd fer með jafnréttismál og skal kjósa einn fulltrúa úr sínum röðum sem talsmann jafnréttismála. Skal hann vera til fulltingis starfsmönnum sem annast jafnréttismál.

3. STJÓRNKERFI OG STARFSFEMENN

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Borgarbyggðar skal leitast við að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Þeir listar sem ná kjöri til sveitarstjórnar eru hvattir til að hafa þetta að leiðarljósi er þeir gera tillögur um fulltrúa í nefndir og ráð.

Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu samþætt inn í alla stefnumótun, ákvarðanatöku og fjárveitingar á vegum sveitarfélagsins. Gæta skal jafnræðis og konum og körlum ekki mismunað í þjónustu af hálfu sveitarfélagsins.

Í auglýsingum um störf hjá sveitarfélaginu skal hvetja til þess að það kyn sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein eða konur jafnt sem karlar sækji um starfið. Jafnréttissjónarmið skulu til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið lögð til grundvallar við ráðningar starfsmanna. Leitast skal við að meta ólík starfsvið, ólíka reynslu og menntun karla og kvenna.

Ákvörðun um laun og fríðindi þeirra starfsmanna, sem ráðnir eru af sveitarstjórn, umfram kjarasamninga skal tekin af 3ja manna nefnd; sveitarstjóra, launafulltrúa og starfsmanni jafnréttisnefndar. Við ákvörðun launa og fríðinda skal staða kynjanna vera jöfn. Einnig skal þess gætt að við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir sé kynjunum ekki mismunað.

Foreldrar í starfi hjá Borgarbyggð skulu hvattir til að nýta rétt sinn til fæðingar- og foreldraorlofs.

Starfsfólk Borgarbyggðar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu á vinnutíma, þar sem því verður við komið, til að auðvelda samræmingu á starfi og fjölskylduábyrgð.

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu. Hverskonar áreitni er hafnað og verður ekki liðin. Starfsmenn sem verða fyrir slíkri framkomu eiga rétt á að bera fram kvörtun og skal þeim tryggt að til viðeigandi aðgerða verði gripið.

4. FRÆÐSLA OG RÁDGJÖF

Starfsmönnum og stjórnendum stofnana Borgarbyggðar skal standa til boða aðstoð og fræðsla í jafnréttismálum. Þetta á við um störf og starfsaðstæður, svo sem kjör og samskipti á vinnustað, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem snúa að jafnrétti og samskiptum kynjanna á vinnustað.

Allar stofnanir sem koma að umönnun / uppeldi barna í sveitarfélaginu skulu gera jafnréttisáætlun varðandi starfsemi sína.

Því er beint til skólayfirvalda og forstöðumanna uppeldisstofnana að vinna að jafnri stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna. Einnig er því beint til skólayfirvalda:

- að sjá til þess að námsefni mismuni ekki kynjunum
- að náms- og starfsfræðslu sé sinnt á síðari stigum grunnskóla
- að sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum
- að skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.

Þeim tilmælum er beint til alls starfsfólks þar sem uppeldisstarf fer fram, eins og í leikskólum, skólum, félagsmiðstöðvum og íþróttahúsum, að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

5. TÓMSTUNDIR

Þess skal gætt að bæði kynin hafi sömu tækifæri til íþróttaiðkana og eru íþróttafélögin hvött til hins sama. Kynin sitji jafnt að fjárveitingum sveitarfélagsins til íþróttaiðkana auk annarra styrkja.

Leitast skal við að önnur aðstaða til tórstunda- og félagsstarfs barna og unglinga og skipulag þess höfði jafnt til kynjanna og jafnframt að þau hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum bæjarfélagsins.

6. ANNAD

Jafnréttisáætlun skal vera aðgengileg hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins og skal kynnt öllum starfsmönnum þess.

Jafnréttisáætlunina skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Áætlun um framkvæmd jafnréttisáætlunar skal gerð til tveggja ára í senn.